

Ed.

690. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurborg, nr. 19,
11. júlí 1911.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Reykjavíkurborgin takmarkast landmegin af strandlengju lögsagnar-
umdæmis Reykjavíkur. Að norðanverðu tekur höfnin yfir skipalægi fyrir
innan eyjar þær, er að höfninni liggja, að netlögum Engeyjar og Viðeyj-
ar. Þó hefir Viðey óskertan og kvaðalausán rétt til bryggju- og hafnargerð-
ar, þótt lengra náí frá landi en netlög.

Að sunnanverðu tekur Reykjavíkurborgin yfir skipalægi við strand-
lengju lögsagnarumdæmis Reykjavíkur við Skerjafjörð.

2. Við 3. gr. Aftan við 4. málgr. bætist: Kjósa má borgarstjóra eða hafnar-
stjóra formann hafnarstjórnar, þótt eigi hafi þeir þar atkvæðisrétt.

Alþingi, 10. maí 1932.

Einar Árnason,	Jón Jónsson,	Pétur Magnússon,
form.	fundaskrifari.	frsm.